

**Mosar og fléttur á áhrifasvæði  
Villinganesvirkjunar**

**Hörður Kristinsson og Kristbjörn Egilsson**

Unnið fyrir Héraðsvötn ehf

NÍ-01011

Reykjavík, mars 2001



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS



**NÍ**Reykjavík x  
Akureyri

<b>Skýrsla nr</b> NÍ-01011	<b>Dags, Mán, Ár</b> mars 2001	<b>Dreifing</b> <input type="checkbox"/> Opin x <input checked="" type="checkbox"/> Lokuð til nóv. 2001
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill</b> Mosar og fléttur á áhrifasvæði Villinganesvirkjunar		<b>Upplag</b> 70 <b>Fjöldi síðna</b> 20 + 6 litmyndasíður
<b>Höfundar</b> Hörður Kristinsson og Kristbjörn Egilsson		<b>Verknúmer</b>
<b>Unnið fyrir</b> Héraðsvötn ehf		
<b>Samvinnuaðilar</b> VST Sigurður Þórðarson		
<b>Útdráttur</b> Rannsóknir á tegundafjölbreytni og útbreiðslu á mosum og fléttum vegna áætlaðrar virkjunar og uppistöðulóns við Villinganes í Skagafirði.  Af þeim 149 mosategundum sem skráðar voru á svæðinu eru 10 flokkaðar sem sjaldgæfar á landsvísi. Engin tegund telst fágæt á heimsvísi og engin er á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996). Ein tegund, engjafaxi <i>Hypnum pratense</i> , fannst hér í fyrsta sinn á Íslandi og verður hún væntanlega sett á valista.  Af þeim 143 fléttutegundum sem skráðar voru á svæðinu eru 12 flokkaðar sem sjaldgæfar á landsvísi og sumar hafa ekki fundist áður á landinu.		
<b>Lykilorð:</b> mosar, fléttur, virkjun, Villinganes, Skagafjörður, umhverfismat		<b>Yfirfarið</b>

**EFNISYFIRLIT**

1 INNGANGUR	3
2 STAÐHÆTTIR	3
3 FYRRI RANNSÓKNIR Á MOSUM OG FLÉTTUM	4
4 RANNSÓKNARSTAÐIR FYRIR MOSA OG FLÉTTUR	4
4.1 Villinganes við Syðra-Háahraun (2. snið)	4
4.2 Brattihvammur við Villinganes (3. snið)	6
4.3 Laugarhvammur við Stekkjarflatir á Kjálka (4. snið)	6
4.4 Krossgil og Væthólsnef, Stekkjarflötum (5. snið)	6
4.5 Bygggerði á Kjálka (6. snið)	6
4.6 Stekkjargil á Gilsbakka (7. snið)	6
4.7 Vestari-Jökulsárgil við Tunguhálshraun (16. snið)	6
4.8 Laugarhöfði við Tungufell (17. snið)	6
4.9 Stallar við Vestari-Jökulsá á Bakkakoti (18. snið)	7
4.10 Vestari-Jökulsá við Goðdali (19. snið)	7
5 MOSAR	7
6 FLÉTTUR	9
7 NIÐURSTÖÐUR	12
8 RITASKRÁ	14
9 VIÐAUKAR	15
1. viðauki. Mosar í lónstæði Villinganesvirkjunar	15
2. viðauki. Fléttur í lónstæði Villinganesvirkjunar	18
LJÓSMYNDIR	21

## 1 INNGANGUR

Náttúrugripasafnið á Akureyri vann náttúrufarskönnun fyrir Orkustofnun á árunum 1979 til 1980 (Helgi Hallgrímsson o.fl. 1982). Í þeirri könnun voru nokkrir náttúrufarsþættir kannaðir mjög ítarlega, s.s. háplöntur, en aðrir þættir voru aðeins skoðaðir að takmörkuðu leyti eða alls ekki, þar á meðal útbreiðsla og tegundafjölbreytni mosa og fléttna.

Samkvæmt beiðni Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. (VST) fyrir hönd Héraðsvatna ehf., í bréfi dagsettu 31. ágúst 1999, gerði Náttúrufræðistofnun Íslands áætlun um tilhögun og kostnað við viðbótarrannsóknir á gróðurfari (mosar, fléttur, gróðurkort) fuglalífi og jarðfræði vegna áætlaðrar Villinganesvirkjunar í Skagafirði.

Samningur um gróðurrannsóknir (mosar, fléttur og gróðurkort) og fuglarannsóknir var undirritaður 7. júlí 2000. Samstarfsmaður og tengiliður fyrir hönd Héraðsvatna ehf. var Sigurður Þórðarson á VST. Farið var um virkjunarsvæðið vegna mosa- og flétturannsókna dagana 31. júlí – 3. ágúst 2000.

Í þessari skýrslu verður fjallað um þann verkþátt er snýr að útbreiðslu og tegundafjölbreytni mosa og fléttna. Við úrvinnslu vann auk höfunda Bergþór Jóhannsson mosafraeðingur. Aðrar skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands um svæðið eru: Skýrsla um fuglalíf (María Harðardóttir og Arnór Þ. Sigfússon 2001) og skýrsla um gróðurfur ásamt gróðurkortum (Guðmundur Guðjónsson 2001).

Samkvæmt upplýsingum frá VST er áformuð rennslisvirkjun við Villinganes. Breytingar á vatnafari munu því verða litlar annars staðar en í sjálfu lónstæðinu. Í þessari umfjöllun er gengið út frá því að rennsli árinna neðan virkjunar verði óbreytt.

## 2 STAÐHÆTTIR

Austari- og Vestari-Jökulsá eru vatnsmiklar ár sem koma upp í kvíslum undan Hofsjökli. Þær renna um mikilfengleg gljúfur í Austur- og Vesturdal uns þær sameinast í byggð, nokkru sunnan við bæinn Tunguháls. Eftir það nefnist vatnsfallið Héraðsvötn og er stórfjót sem fellur til að byrja með í gljúfrum en síðar um flatlendi Skagafjarðar uns það rennur til sjávar um Austurós og Vesturós.

Fyrirhugað er að stífla Héraðsvötn milli bæjanna Villinganess og Tyrfingsstaða (í 152 m y.s.), um 2 km neðan við ármót Austari- og Vestari-Jökulsár, og reisa þar Villinganesvirkjun. Um er að ræða rennslisvirkjun sem byggist á nokkuð jöfnu rennsli í Jökulsánum á veturna og litlar breytingar munu verða á vatnafari annars staðar en í sjálfu lónstæðinu. Með stíflunni hækkar vatnsyfirborð í gljúfrunum og mun áhrifa þess gæta frá stíflustæðinu að fremri mörkum jarðanna Gilsbakka við Austari-Jökulsá og Byrgisskarðs við Vestari-Jökulsá.

Stíflan verður jarðstífla, um 60 m há þar sem hún er hæst. Stöðvarhús verður ofanjarðar neðan stíflunnar og verður farvegur árinna dýpkaður á a.m.k. 1200 m kafla. Yfirfallsvatni verður veitt með um 1 km löngum skurði í lægð vestan aðalstíflu að frárennslisskurðinum. Lónið verður 1,7 km<sup>2</sup> og rúmar um 33,5 GL miðað við vatnsborð í yfirfallshæð. Mögulegt er að nota það til miðlunar innan sólarhrings, en þrátt fyrir það verða fremur litlar vatnsborðssveiflur.

### 3 FYRRI RANNSÓKNIR Á MOSUM OG FLÉTTUM

Í skýrslu um Náttúrufræðisráðgjöf á virkjunarsvæði Héraðsvatna við Villinganes í Skagafirði (Helgi Hallgrímsson o.fl. 1982) er birtur listi yfir samtals 90 tegundir af mosum sem safnað var á sjö fundarstöðum og 36 tegundir af fléttum sem safnað var á fjórum mismunandi fundarstöðum. Tveir þeirra, Grjótárgil við Kelduland (mosar og fléttur) og Tunguháls við Jökulsárgil vestra (mosar), eru á því svæði sem kannað var árið 2000, hinir eru ofar í Austurdal, við Merkgil, Jökulsárgil ofan Merkgils, og Ábæjargil. Engin tilraun var gerð 1979–1980 til að safna öllum tegundum, enda enginn þátttakandi í þeirri rannsókn sérfróður um mosa og fléttur. Þarna eru því fyrst og fremst tegundir sem eru áberandi í umhverfi sínu.

Á mosalistanum er aðeins ein tegund sem er sjaldgæf á landsvísu, topphetta *Orthotrichum laevigatum*, en hún vex utan áhrifsvæðis Villinganesvirkjunar.

Á listunum eru fjórar fléttutegundir sem flokkast sem sjaldgæfar á landsvísu, og fundust þær allar fyrir ofan það rannsóknarsvæði sem þessi skýrsla fjallar um. Ein þeirra, gljúfragrána, *Phaeophyscia endococcina* sem var á steinum í Ábæjaránni, fannst einnig árið 2000 á klettum nálægt flóðfari Jökulsár í gljúfrunum. Hinar þrjár fundust ekki. Tvær þeirra voru við Merkgil, *Leciophysma finmarkicum* og *Lopadium pezizoideum*, hvort tveggja smávaxnar fléttur sem vaxa á jarðvegi, en ein þeirra, *Melanelia septentrionalis*, vex eingöngu á birki og hefur því líklega verið í skógarhvammi í Jökulsárgili fremur en á steinum í Ábæjargili eins og fram kemur í skýrslunni. Þessir staðir eru allir utan áhrifsvæðis Villinganesvirkjunar.


### 4 RANNSÓKNARSTAÐIR FYRIR MOSA OG FLÉTTUR

Vali á rannsóknarstöðum réðu snið þau sem merkt eru á korti á 10. mynd, bls. 53 í skýrslu Helga Hallgrímssonar o.fl. 1982. Af þeim voru þó aðeins tekin þau snið sem falla innan áhrifsvæðis áætlaðrar stíflu við Villinganes og vatnsborðshækkunar í gljúfrunum þar fyrir ofan. Fyrsta sniði (Teigakot) var sleppt, en síðan voru tekin öll snið frá 2. sniði við Villinganes og áfram upp að ármótum og inn í Austurdal að 7. sniði sem er við Stekkjargil innan við Gilsbakka (1. mynd). Öllum sniðum þar fyrir ofan í Austurdal var sleppt, þar sem ekki er gert ráð fyrir vatnsborðshækkun í gljúfrunum. Síðan voru valdar rannsóknarstöðvar í Vesturdal frá 16. sniði við Tungunes upp að 19. sniði sem er rétt neðan við Goðdali.

Á hverju sniði var skoðaður gróður öðrum megin Jökulsár, frá flæðarmáli upp meðfram gljúfurveggjum og giljum upp fyrir brún. Á þessum svæðum voru skráðar þær fléttur sem auðgreindar voru á staðnum en sýnum safnað af öðrum. Öllum mosum var safnað.

#### 4.1 Villinganes við Syðra-Háahraun (2. snið)

Rannsóknarsvæðið er skammt neðan við bæinn Villinganes. Svæðið sem skoðað var er stórgrýtt klettahæð sem nefnd er Syðra-Háahraun og liggur að Héraðsvötnum. Einnig var safnað í Hraundal, sem er lítil kvos eða gamall farvegur ofan Syðra-Háahrauns. Við neðri enda Syðra-Háahrauns er gilskora sem nær niður að vötnunum og var safnað í henni og undir klettum til hliðar við hana. Einnig var skoðaður gróður á klettum norðan í Syðra-Háahrauni. Á þessu svæði voru skráðar 65 tegundir af fléttum og 47 tegundir mosa.



1. mynd. Söfnunarstaðir mosa og fléttna á áhrifasvæði Villinganesvirkjunar árið 2000.

#### 4.2 Brattihvammur við Villinganes (3. snið)

Brattihvammur er um 3 km ofan við Héraðsvötn að vestanverðu. Vegur hefur verið lagður niður í hann vegna fljótasiglinga. Botn hvammsins eru flatar áreyrar, hlíðar hans að vestan eru brattar og grónar, en ofar meðfram vötnunum eru klettur að gljúfrinu og ekkert undirlendi. Fléttum var safnað bæði á áreyrunum og neðst í klettunum, en einnig í grónum hlíðum hvammsins. Í Brattahvammi voru skráðar alls 62 tegundir af fléttum og 68 mosategundir.

#### 4.3 Laugarhvammur við Stekkjarflatir á Kjálka (4. snið)

Þessi hvammur er í bugðu á Austari-Jökulsá rétt ofan við ármótin. Há og brött brekka er upp frá ánni, sums staðar grösug en annars staðar með klettum. Fléttum og mosum var einkum safnað á klöppum í flæðarmáli árinna og í klettum og á jarðvegi neðan til í brekkunni. Einnig voru skráðar fléttur ofar, allt upp á brún árgilsins. Fléttugróður var þarna fremur fábreyttur, enda brekkan nokkuð þurr og opin mót sólu. Alls voru skráðar 33 tegundir fléttna og 54 tegund mosa við Laugarhvamm.

#### 4.4 Krossgil og Væthólsnef, Stekkjarflötum (5. snið)

Fléttur voru skráðar og mosum safnað í fremur þröngu lækjargili sem leiðir niður í gljúfur Jökulsár, bæði á jarðvegi í gilbrekkunum og á klettum og í lækjarfarvegi niðri í giliinu. Einnig var sýnum safnað á brúnum gljúfursins og í brekkum og grynri giljum sem ganga niður í brúnina. Alls fundust 63 tegundir fléttna og 55 tegundir mosa á þessari stöð.

#### 4.5 Bygggerði á Kjálka (6. snið)

Á þessu sniði var einkum safnað á brúnum Jökulsárgils og í drögum sem lágu niður að gilbarminum. Á þessum stað varð ekki með góðu móti komist niður í gljúfrið. Alls voru skráðar 45 tegundir fléttna og 55 tegund mosa við Bygggerði.

#### 4.6 Stekkjargil á Gilsbakka (7. snið)

Gil þetta er skammt fyrir innan bæinn á Gilsbakka. Það er alldjúpt og mikið um sig og leiðir niður að Austari-Jökulsá. Fléttum og mosum var safnað í hlíðum gilsins, undir klettum í botni þess og í urð meðfram læk sem rennur niður í gilið. Þarna er mjög skjólsamt og virðast vera góð skilyrði fyrir gróður. Í Stekkjargili voru skráðar 39 fléttutegundir og 51 mosategund.

#### 4.7 Vestari-Jökulsárgil við Tunguhálshraun (16. snið)

Hér var fléttum safnað bæði uppi á Hraunum við gljúfurbrún Jökulsár og einnig í gildragi sem hægt var að fylgja niður í botn gljúfursins niður að ánni. Safnað var bæði undir klettum meðfram ánni, í klettum ofar meðfram giliinu og á jarðvegi í brekkunum. Alls fundust hér 46 tegundir af fléttum og 52 mosategundir.

#### 4.8 Laugarhöfði við Tungufell (17. snið)

Hér var einnig skoðað frá gljúfurbarmi vestan Jökulsár sunnan og neðan við Tungufell og farið eftir gildragi niður í gilið að Vestari-Jökulsá. Safnað var í hlíðum gilsins,

undir klettum og meðfram því uppi á brún. Alls voru skráðar hér 44 tegundir fléttna og 84 mosategundir.

#### 4.9 Stallar við Vestari-Jökulsá á Bakkakoti (18. snið)

Gróður var skoðaður í og undir klettabelti við bugðu á Jökulsá vestari norðan undir eyðibýlinu Bakkakoti. Tún er ofan stallanna á nesi sem gengur fram að ánni. Hér fundust 44 tegundir af fléttum og 57 tegundir af mosum.

#### 4.10 Vestari-Jökulsá við Goðdali (19. snið)

Þetta snið er rétt neðan við afleggjarann að Goðdölum. Þarna rennur áin ekki lengur í gljúfri, heldur eru sléttir melar að henni vestanverðri og brekkur frá þeim niður að ánni. Sums staðar eru og lágir klettur við ána. Fléttur og mosar voru skoðuð bæði uppi á melunum, í brúnum þeirra og brekkunum fyrir neðan og að lokum á klettum neðst við ána. Hér fundust 58 tegundir af fléttum og 66 tegundir af mosum.

### 5 MOSAR

Af þeim 149 mosategundum (1. viðauki) sem skráðar voru á svæðinu eru 10 flokkaðar sem sjaldgæfar á landsvísu [■□] (1. tafla). Engin tegund telst fágæt á heimsvísu og engin er á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996). Ein tegund, engjafaxi *Hypnum pratense*, fannst hér í fyrsta sinn á Íslandi og verður hún væntanlega sett á valista.

Dropmosi *Amblyodon dealbatus* fannst í Brattahvammi (3. snið). Hann vex á fáum stöðum á Norðurlandi og Vestfjörðum en hefur einnig fundist á hálendinu og á Miðsuðurlandi. Alls staðar sjaldséður og aðeins finnast fá eintök á hverjum stað.

Hjallahnokki *Bryum intermedium* fannst í Krossgili (5. snið). Hann vex á Suðurlandi og Suðvesturlandi og hefur fundist í Hrutafirði en ekki annars staðar á Norðurlandi fyrr.

Flagarindill *Dicranella grevilleana* fannst í Stekkjargili (7. snið). Hann hefur fundist á einum stað á Vestfjörðum, einum stað á hálendinu norðan Vatnajökuls og tveimur stöðum á Austurlandi. Flestir fundarstaðir eru á Miðnorðurlandi. Þar hefur hann fundist á nokkrum stöðum í Eyjafirði og Skagafirði og á hálendinu þar suður af.

Engjafaxi *Hypnum pratense* fannst við Jökulsá vestari nálægt Bakkakoti (17. snið). Þetta er fyrsti fundur tegundarinnar hérlendis. Engjafaxi er frekar norðlæg tegund í Skandinavíu en vex ekki á Bretlandseyjum. Hann finnst á Grænlandi og í N-Ameríku. Tegundin virðist forðast eindregið úthafsloftslag. Fundur hennar hér er ekki sérlega óvæntur. Aðeins fundust nokkrar plöntur af engjafaxa dreifðar innan um geirmosa *Calliergonella cuspidata*, lémosa *Tomentypnum nitens* og engjaskraut *Rhytidia-delphus squarrosus* og var hann því afar lítið áberandi. Innan um fyrrnefndar tegundir var einnig ein planta af rekilmosa *Paludella squarrosa* og ein af lindakambi *Helodium blandowii*. Þessi samsetning sýnir að engjafaxi hefur vaxið í raka skammt frá uppsprettu, líklega í hallandi graslendi neðan við klettabelti. Þetta mun vera kjörlendi þessarar tegundar. Þegar hún vex á þannig stöðum er hún ekki auðfundin. Afar líklegt er að hún vaxi víðar á Norðurlandi þótt hún hafi ekki fundist fyrr. Tegundin er auðgreind og er því vafalítið sjaldgæf.



**1. tafla.** Sjaldgæfar mosategundir og tegundir með takmarkaða útbreiðslu á áhrifsvæði Villinganesvirkjunar.

Latneskt heiti	Íslenskt heiti	Á svæðis- vísu	Á lands- vísu	Tegundir fundnar í fyrsta sinn á Íslandi
<i>Amblyodon dealbatus.</i>	Dropmosi	■□	■□	
<i>Bryum intermedium</i>	Hjallahnokki	■□	■□	
<i>Dicranella grevilleana</i>	Flagarindill	■□	■□	
<i>Hypnum pratense</i>	Engjafaxi	■□	■□	○
<i>Hypnum vaucheri</i>	Drangafaxi	■□	■□	
<i>Leiocolea badensis</i>	Vætuglysja	■□	■□	
<i>Odontoschisma sphagni</i>	Mýragepill	■□	■□	
<i>Pellia endiviifolia</i>	Laugablaðka	■□	■□	
<i>Schistidium crassipilum</i>	Brandakragi	■□	■□	
<i>Thuidium recognitum</i>	Hlíðaflos	■□	■□	

**Skýringar:**

- |                        |                             |
|------------------------|-----------------------------|
| ■■■ Finnst víðast hvar | □□□ Yfirleitt í miklum mæli |
| ■■ Finnst nokkuð víða  | □□ Yfirleitt í nokkrum m.   |
| ■ Fær fundarstaðir     | □ Yfirleitt í litlum mæli   |

Drangafaxi *Hypnum vaucheri* fannst í Krossgili (5. snið). Aðrir fundarstaðir eru dreifðir um allt land sá sem næstur er Villinganesi er í Eyjafirði.

Vætuglysja *Leiocolea badensis* fannst í Brattahvammi og við Goðdali (3. og 19. snið). Hún hefur fundist á nokkrum stöðum hingað og þangað um landið, virðist algengust í Skagafirði og er þriðjungur fundarstaða þar.

Mýragepill *Odontoschisma sphagni* fannst í Villinganesi. (2. snið) sem er fyrsti fundur þessarar tegundar á Norðurlandi. Hún hefur áður fundist á Vesturlandi og á Vestfjörðum. Mýragepill er ekki auðfundin tegund og oftast er lítið af henni á hverjum stað.

Laugablaðka *Pellia endiviifolia* fannst í Laugarhvammi (4. snið). Hún hefur fundist á nokkrum stöðum sunnan-, vestan- og norðanlands og virðist aðallega vera bundin við jarðhita. Útbreiðsla er enn óljós.

Brandakragi *Schistidium crassipilum* fannst í Laugarhöfða (17. snið). Hann er allvíða á Suðurlandi og Suðvesturlandi og hefur fundist á Vestfjörðum og í Hrítafirði en hefur annars ekki fundist á Norðurlandi fyrr.

Hlíðaflos *Thuidium recognitum* fannst í Laugarhvammi (4. snið) og er það fyrsti fundur þessarar tegundar á Norðurlandi. Hún hefur áður fundist á Suðurlandi, Austurlandi og á Ströndum. Þessi tegund er smávaxnari og vandfundnari en aðrar tegundir ættkvíslarinnar en virðist hafa víðari útbreiðslu hér en þær.

## 6 FLÉTTUR

Af þeim 143 fléttutegundum sem skráðar voru á svæðinu (2. viðauki) eru 12 flokkaðar sem sjaldgæfar á landsvísu [■□] (2. tafla) og sumar hafa ekki fundist áður á landinu. Flestar þeirra eru af ættkvíslum sem eru fremur illa þekktar yfir landið í heild og fara í þennan flokk af því að upplýsingar eru af skornum skammti. Sá fyrirvari er hafður fyrir tegund sem greinist í fyrsta skipti á landinu er að ekki sé hægt að fullyrða hversu sjaldgæf hún er. Sá möguleiki er fyrir hendi að hún finnist víðar þegar farið er að gefa henni gætur við svipaðar aðstæður. Þetta gildir einkum um tegundir af ættkvíslunum *Buellia*, *Mycobilimbia*, *Polyblastia* og *Verrucaria*. Hins vegar má telja nokkuð öruggt að *Solorina octospora*, *Toninia ruginosa* og líklega einnig *Pertusaria glomerata* og *Protoblastenia terricola* séu sjaldgæfar. Af þessum tegundum voru fjórar í gljúfrum og giljum Jökulsár.

Í næsta flokki [■□□] eru þrjár tegundir, sem einnig eru sjaldgæfar á landsvísu, en oft í meira magni á þeim fundarstöðum sem þekktir eru. Þar gildir aftur það sama um hringflykru *Rhizocarpon concentricum* að raunveruleg útbreiðsla hennar er illa þekkt. Hinar eru betur þekktar. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á hraunglomu *Diploschistes scruposus*, en þetta er vestasti fundarstaður hennar á landinu og sá eini í Skagafirði.

Af sjaldgæfum fléttum á áhrifsvæði Villinganesvirkjunar er ein tegund innan virkjunarsvæðisins á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996). Það er *Solorina octospora* sem var í klettum meðfram Vestari-Jökulsá við Bakkakot í Vesturdal. Hún hefur fundist á tveimur öðrum stöðum á landinu, alls staðar mjög lítið af henni. Þessir staðir eru Hof í Vesturdal og við Hengifossá í Fljótssdal.

Tvær aðrar válistategundir eru á heildarlista yfir fléttur en þær er báðar að finna í skýrslunni frá 1982 og eru ofan við fyrirhugað lónstæði. *Melanelia septentrionalis* vex á birki uppi í Austurdal fyrir ofan Merkgil, en *Leciophysma finmarkicum* fannst við Merkgil og er hún flokkuð sem tegund í nokkurri hættu.

Hér á eftir verður fjallað nánar um einstakar tegundir í 2. töflu og verða fyrst teknar fyrir sjaldgæfustu tegundirnar [■□].

Tvær fyrstu tegundirnar, rindadoppa *Buellia concinna* og strjaldoppa *Buellia subdispersa*, hafa hvorug fundist áður hér á landi. Greining þeirra beggja var staðfest af Anders Nordin í Uppsölum, en hann hefur mikið fengist við þessa ættkvísl. Hún verður því að teljast örugg. Þetta eru hvort tveggja hrúðurfléttur sem vaxa á grjóti. Rindadoppa vex gjarna utan í þverhníptum klettaveggjum og fannst hún í gljúfrinu neðan við Tungufell (16. snið). Strjaldoppa hefur tilhneigingu til að vaxa á kalkkenndu bergi og fannst hún í Austurdal við Bygggerði (6. snið). Tegundir þessarar ættkvíslar eru illa þekktar hér á landi, og gætu þær því auðveldlega vaxið miklu víðar án þess að vitað sé. Þar sem lítið er um kalkkennt berg hér, gæti það þó verið vísbending um að sú tegund kynni að vera sjaldgæf á Íslandi.

Punktaduðra, *Mycobilimbia microcarpa* er hrúðurflétta sem vex á mold eða mosagrónum jarðvegi. Hún hafði aðeins fundist á tveimur stöðum á landinu þar til nú að hún fannst á tveimur stöðum til viðbótar, í Brattahvammi við Villinganes (3. snið) og við Vestari-Jökulsá neðan við Goðdali (19. snið). Þetta er smágerð tegund sem greinist ekki örugglega nema með smásjárskoðun. Hún er áreiðanlega sjaldgæf miðað við aðrar líkar tegundir eins og *Mycobilimbia lobulata* og *Micareia incrassata*, en þó er líklegt að hún eigi eftir að finnast víðar.

Bóluskán *Pertusaria glomerata* er sjaldgæf tegund sem vex á jarðvegstóm í klettasyllum (16. snið). Þessi tegund var ekki þekkt héðan fyrr en nú, en óstaðfestar heimildir eru til um tvo aðra fundarstaði á Íslandi eftir Svanhildi Jónsdóttur Svane í Árósum. Þetta er því örugglega sjaldgæf tegund, þótt lítið sé vitað um útbreiðslu hennar.

## 2. tafla. Sjaldgæfar fléttutegundir og tegundir með takmarkaða útbreiðslu á áhrifasvæði Villinganesvirkjunar

Latneskt heiti	Íslenskt heiti	Á svæðis-vísu	Á lands-vísu	Tegundir fundnar í fyrsta sinn á Íslandi
<i>Buellia concinna</i>	Rindadoppa	■□	■□	○
<i>Buellia subdispersa</i>	Stjárdoppa	■□	■□	○
<i>Mycobilimbia microcarpa</i>	Punktaduðra	■□	■□	
<i>Pertusaria glomerata</i>	Bóluskán	■□	■□	
<i>Polyblastia fuscoargillacea</i>		■□	■□	
<i>Polyblastia melaspora</i>		■□	■□	○
<i>Polyblastia theleodes</i>		■□	■□	○
<i>Protoblastenia terricola</i>		■□	■□	○
<i>Rhizocarpon frigidum</i>		■□	■□	○
<i>Solorina octospora</i>		■□	■□	
<i>Toninia ruginosa</i>		■□	■□	
<i>Verrucaria macrostoma</i>		■□	■□	○
<i>Diploschistes scruposus</i>	Hraunglomba	■□□	■□□	
<i>Phaeophyscia endococcina</i>		■□□	■□□	
<i>Rhizocarpon concentricum</i>	Hringflykra	■□□	■□□	

### Skýringar:

- |                        |                             |
|------------------------|-----------------------------|
| ■■■ Finnst víðast hvar | □□□ Yfirleitt í miklum mæli |
| ■■ Finnst nokkuð víða  | □□ Yfirleitt í nokkrum m.   |
| ■ Fáir fundarstaðir    | □ Yfirleitt í litlum mæli   |

Ættkvíslin *Polyblastia* sem tilheyrir skjóðufléttum (Pyrenomycetes) er afar illa þekkt á Íslandi. Aðeins fjórar tegundir hafa verið greindar héðan fram að þessu samkvæmt lista yfir íslenskar fléttur (Hörður Kristinsson 1997), og sýni eru aðeins til af tveimur þeirra á Náttúrufræðistofnun. Kjörsvæði margra tegunda af þessari ættkvísl eru vatnsrásir í klettum, þ.e. fletir þar sem vatn seitlar stundum niður klettana. Því eru gljúfur eins og hér voru skoðuð hentugir staðir fyrir þær. Nýlega hefur Starri Heiðmarsson fléttufræðingur, greint töluvert af áður ógreindum eintökum af skjóðufléttum sem geymd eru í fléttusafni Náttúrufræðistofnunar Íslands, og greindi hann meðal annars sýnin frá Villinganesi. Þar komu fram þrjár tegundir; þar af höfðu tvær ekki verið greindar áður frá Íslandi.

*Polyblastia fuscoargillacea* fannst í gljúfri Vestari-Jökulsár við Laugarhöfða á Tungunesi (17. snið) og einnig á klettum við Vestari-Jökulsá neðan við Goðdali (19. snið). Hún var áður fundin árið 1973 við læk austan við Egilsstaði á Fljótsdalshéraði af Hans Ullrich. *Polyblastia melaspora* fannst í klettum bæði í Brattahvammum við Villinganes (3. snið) og í Jökulsárgili sunnan við Laugarhöfða við Tunguháls (17. snið). *Polyblastia theleodes* fannst á tveimur stöðum í gili Héraðsvatna við Syðra-Háahraun á

Villinganesi (2. snið). Hvorug síðastnefndu tegundanna hefur fundist á Íslandi áður og eru þetta því einu fundarstaðirnir sem þekktir eru. Þetta þýðir þó ekki að þær þurfi að vera mjög sjaldgæfar í landinu, því hér skortir betri þekkingu. Greining tegundanna er einnig gerð með fyrirvara og þarfnast staðfestingar.

*Protoblastenia terricola* er athyglisverð tegund sem vex á jarðvegi og er einnig ný fyrir landið. Önnur tegund af þessari sömu ættkvísl er þekkt héðan, *Protoblastenia siebenhaariana*, sem vex á grjóti. Hún er ekki algeng, en hefur þó fundist á víð og dreif um landið. *Protoblastenia terricola* fannst ofarlega í gljúfrinu á jarðvegi yfir klettum í Krossgili (5. snið). Henni var einnig safnað á klettum niðri við Vestari-Jökulsá neðan við Goðdali (19. snið). Á báðum stöðunum fannst aðeins lítið af henni.

*Rhizocarpon frigidum* er gul örsmá hrúðurflétta á steinum sem í útliti líkist landfræðiflykru *Rhizocarpon geographicum*. Hún hefur ekki verið greind áður frá Íslandi, en þar sem hún verður tæplega greind frá landfræðiflykru án smásjárskoðunar, gæti hún verið mun útbreiddari en þessi eini fundur við Goðdali (19. snið) gefur til kynna.

*Solorina octospora*, sem er blaðflétta, fannst fyrst á Íslandi fyrir rúmum 30 árum, við Hof í Vesturdal. Næst fannst hún í leiðangri Norræna fléttufræðifélagsins sem gerður var út frá Eiðum árið 1997. Þá fannst hún við Hengifossá á Fljótsdalshéraði. Hér er greint frá þriðja fundarstað tegundarinnar á Íslandi, sem raunar er í nágrenni við fyrsta fundarstaðinn. Hún fannst síðastliðið sumar utan í þverhníptum jarðvegstorfum meðfram klettunum við Vestari-Jökulsá norður undir Bakkakoti (18. snið).

*Toninia ruginosa* vex á jarðvegstóm í klettum. Greining hennar þarfnast staðfestingar. Einar Timdal hefur áður getið þessarar tegundar frá Íslandi (Timdal 1991), í sýni sem safnað var af Bernt Lyngre í Borgarfirði árið 1937. Það er eini fundarstaður hennar hér á landi sem vitað var um þar til nú í Jökulsárgljúfrunum við Brattahvamm (3. snið).

*Verrucaria macrostoma* virðist vera ný tegund fyrir landið, en hún tilheyrir ásamt ættkvíslinni *Polyblastia* fremur illa þekktum hópi skjódufléttna og er greining hennar ekki orðin örugg. Fléttan fannst á tveimur stöðum á klettaveggjum í gljúfrunum við Syðra-Háahraun og einnig við Laugarhvamm á Tungunesi (2. og 17. snið). Svipað gildir um hana eins og *Polyblastia*-tegundirnar, að ekki er hægt að fullyrða að hún sé eins sjaldgæf og ætla má vegna þessa fyrsta fundarstaðar, þar sem þessar ættkvíslir hafa ekki nægilega verið rannsakaðar hér.

Hér á eftir fara upplýsingar um þær tegundir, sem falla í flokk ■■■, þ.e. eru ekki alveg eins sjaldgæfar á landinu og oftast í meira magni þar sem þær finnast.

Hraunglampa *Diploschistes scruposus* er grá hrúðurflétta með krukulaga askhirslur og vex á grjóti. Hún hefur ekki áður fundist í Skagafirði. Eldri fundarstaðir eru allir í Suður-Þingeyjarsýslu; í Aðaldalshrauni, Laxárdal og við Mývatn, þar sem hún vex á hraungrýti. Hún fannst aðeins á einum stað í Jökulsárgljúfrunum, við Brattahvamm hjá Villinganesi (3. snið).

*Phaeophyscia endococcina* er blaðkennd flétta sem vex einkum á skuggsælum, rökum klettum, oftast við vötn eða á stórum steinum í lækjargiljum. Hún er fremur sjaldgæf á Íslandi, en hefur fundist á nokkrum stöðum, einkum á miðju Norðurlandi. Hún hefur fundist í Hrótey og Gilsárgili við Blöndu, á nokkrum stöðum í árgiljum á Tröllaskaga og á einum stað á Fljótsdalshéraði. Nú fannst hún á tveimur stöðum í árgljúfrum Skagafjarðar; í gljúfrum Héraðsvatna við Brattahvamm í Villinganesi, og í Laugarhvammi skammt ofan ármóta við Stekkjarflatir (3. og 4. snið).

Tvö sýni af klettum niðri í Stekkjargili við Gilsbakka (7. snið) og undir Laugarhöfða við Tunguháls voru greind sem hringflykra *Rhizocarpon concentricum* (17. snið). Sú greining er ekki örugg og þarfnast staðfestingar. Þessi tegund hefur greinst frá einum öðrum stað á landinu. Ekki er þó vitað gjörla um útbreiðslu hennar, þar sem sá hópur *Rhizocarpon* sem hún tilheyrir er ekki vel þekktur. Verið er að vinna við rannsóknir á henni ásamt skyldum tegundum í Bergen og verður sýnið sent þangað til staðfestingar.

Hér að ofan hefur verið getið um helstu nýjungar á svæðinu og sjaldgæfustu tegundirnar sem þar fundust. Nokkrar fléttur í viðbót sem fundust í gljúfrunum hafa takmarkaða útbreiðslu á landinu, en ekki eins sjaldgæfar [■□□ eða ■□□□] sjá 2. viðauka.

Einkum er athyglisverður nokkur hópur tegunda sem hefur aðalútbreiðslu á Suðurlandi, en kemur einnig fram hér í gljúfrunum og jafnvel víðar í innsveitum Norðanlands þar sem sumarhiti er hærri en úti við ströndina. Dæmi um slíkar tegundir eru klettaskóf, giljaskóf, hosuslembra, strengbúlga og *Massalongia carnososa*. Af mosum tilheyra þessum flokki tegundirnar hjallahnokki og brandakragi, en af háplöntum eru í þessum hópi liðfætla og skriðuhnoðri (Helgi Hallgrímsson o.fl. 1982).

*Massalongia carnososa* er smágerð, blaðkennd flétta sem er nokkuð víða á landsvísu [■□□□] en er mjög sjaldgæf á Norðurlandi. Hún hefur hafræna útbreiðslu og er nokkuð algeng frá sunnanverðum Austfjörðum, á Suður- og Vesturlandi allt norður á Hornstrandir. Á Norðurlandi hefur hún áður aðeins fundist í Stórahvammi við Austari-Jökulsá, alllangt inni á hálendinu. Líklega er það staðbundinn raki í gljúfrunum við Vestari-Jökulsá norður undir Bakkakoti (18. snið) sem skýrir tilvist tegundarinnar á þessum slóðum. Mjög lítið fannst af henni á þessum stað.

## 7 NIÐURSTÖÐUR

Það svæði sem hér var skoðað er að mörgu leyti mjög sérstætt miðað við önnur svæði þar sem fléttum og mosum hefur áður verið safnað. Þótt þessi gróður hafi oft verið skoðaður í einstökum gljúfrum eða giljum, hefur athyglin aldrei áður í eins ríkum mæli beinst að þessu búsvæði. Enda kemur í ljós, að þótt fléttugróður í mómum og á klettum fyrir ofan gljúfrin sé mjög svipaður og hvarvetna má sjá við lík skilyrði á Norðurlandi, eru niðri í gljúfrunum ýmis búsvæði sem búa fágætari tegundum skilyrði. Þar koma meðal annars til skjólsælar, brattar brekkur og hvammar, sem hýst geta „suðlægar“ tegundir, þ.e. tegundir sem eru nokkuð útbreiddar á Suðurlandi en fágætari á Norðurlandi nema í skjólsælum vinjum.

Hallandi klappir og þverhníptir veggir gljúfranna bjóða einnig sérstök skilyrði á stöðum þar sem raki helst vel eða þar sem væta seiltar niður eftir vatnsrásum. Slík skilyrði aðhyllast tegundir eins og *Placynthium asperellum*, seyrumerla *Caloplaca castellana*, *Protoblastenia siebenhaariana* og gráflykra, *Rhizocarpon geminatum*. Á mosa- og jarðvegstóm í klettunum vaxa tegundir eins og hreisturslembra, skútagrýta, æðaskóf, larfatjása og hærutjása og neðst nálægt flæðarmáli jökulvatnsins eru tegundir eins og gljúfragrána *Phaeophyscia endococcina* og gráflykra *Rhizocarpon geminatum*.

Séu þau svæði sem skoðuð voru borin saman með tilliti til fjölbreytni í mosa- og fléttugróðri, virðist hún vera mest við Brattahvamm í Villinganesi (3. snið), síðan við Laugarhöfða á Tungunesi (17. snið) og við Vestari-Jökulsá neðan Goðdala. Gildir það jafnt hvort sem skoðaður er heildarfjöldi tegunda eða fjöldi sjaldgæfra tegunda.

